

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingu.

Flm.: Guðmundur Árni Stefánsson, Lúðvík Bergvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir,
Jóhanna Sigurðardóttir, Helgi Hjörvar, Katrín Júlíusdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Jón Gunnarsson, Ásta R. Jóhannesdóttir.

1. gr.

Í stað orðanna „í samræmi við ákvæði í samþykktum“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: þar sem m.a. skal kveðið á um að öllum viðskiptamönnum sparisjóðsins á ákvörðunardegi skuli boðin þátttaka í stofnfjárukningunni að hluta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að lögum um fjármálafyrirtæki verði breytt þannig að við stofnfjárukningu í sparisjóði verði skylt að bjóða öllum viðskiptavinum sparisjóðsins að taka þátt í útboði á stofnfénu.

Í ljósi breyttra þjóðfélagshátta og sterkra tengsla sparisjóðanna við heimabyggð er nauðsynlegt að breytt verði reglum um hverjir geti tekið þátt í aukningu stofnfjár sparisjóða. Flutningsmaður telur mikilvægt að alfarið verði horfið frá því formi að handvalið sé í flokk stofnfjáreigenda við útgáfu á nýju stofnfé.

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæði laganna um hverjum skuli boðin þátttaka í stofnfjárukningu verði breytt með það að markmiði að hópur stofnfjáreigenda að baki hverjum sparisjóði verði sem breiðastur og opinn öllum viðskiptavinum sparisjóðsins.

Sem betur fer hafa velflestir stærstu sparisjóðirnir valið að hleypa sem flestum í hóp stofnfjáreigenda á liðnum árum en enn þá eru örfáir eftir sem þurfa að taka sig á. Hér er lagt til að fest verði í lög að öllum viðskiptavinum sparisjóðs á tilteknum degi, þ.e. þegar samþykkt er að auka stofnfé, verði boðin þátttaka í stofnfjárukningunni. Þannig ætti að vera komið í veg fyrir að að einstaklingum og viðskiptamönnum sé mismunað þegar valið er í þennan mikilvæga hóp.

Frumvarpi viðskiptaráðherra sem varð að lögum nr. 71/2001 og heimilaði hlutfjárvæðingu sparisjóða fylgdi tafla yfir starfandi sparisjóði þar sem m.a. má finna fjölda stofnfjáreigenda að baki hverjum sparisjóði á þeim tíma. Tafla þessi fylgir hér sem fylgiskjal.

Fylgiskjal I.**Stofnfé og stofnfjáreigendur sparisjóða 1999.**

| | Eignir | Eigið fé | Stofnfé | Stofnfé/ eigið fé, | Fjöldi stofn- fjáreigenda, | Meðaleign |
|------------------------------|----------------|-----------------|----------------|-------------------------------|---------------------------------------|------------------|
| | í m.kr. | í m.kr. | í m.kr. | % | okt. 2000 | í þús.kr. |
| Sp. Reykjavíkur og nágrennis | 27.412 | 1.831 | 327,2 | 17,9 | 908 | 360 |
| Sp. Hafnarfjarðar | 23.146 | 1.782 | 5,1 | 0,3 | 45 | 113 |
| Sp. vélstjóra | 16.184 | 1.393 | 24,8 | 1,8 | 533 | 47 |
| Sp. í Keflavík | 11.446 | 959 | 346,8 | 36,2 | 510 | 680 |
| Sp. Kópavogs | 6.434 | 655 | 418,8 | 63,9 | 610 | 687 |
| Sp. Mýrasýslu* | 5.141 | 686 | 3,0 | 0,4 | 2 | 1.500 |
| Sp. Bolungarvíkur | 4.048 | 553 | 36,6 | 6,6 | 117 | 313 |
| Sp. Vestmannaeyja | 3.037 | 314 | 0,7 | 0,2 | 70 | 10 |
| Sp. Siglufjarðar | 1.924 | 202 | 0,6 | 0,3 | 44 | 14 |
| Sp. Norðlendinga | 2.456 | 368 | 2,1 | 0,6 | 87 | 24 |
| Sp. Húnaþings | 1.928 | 229 | 2,0 | 0,9 | 90 | 22 |
| Sp. Ólafsfjarðar | 1.256 | 79 | 216,9 | 274,6 | 86 | 2.522 |
| Sp. Svarfdæla | 1.688 | 258 | 4,5 | 1,7 | 150 | 30 |
| Eyrarsparisjóður | 1.429 | 65 | 7,5 | 11,5 | 98 | 77 |
| Sp. S-Þingeyinga | 1.218 | 108 | 6,4 | 5,9 | 176 | 36 |
| Sp. Hornafjarðar | 1.837 | 102 | 74,1 | 72,6 | 182 | 407 |
| Sp. Norðfjarðar | 1.209 | 200 | 4,3 | 2,2 | 61 | 70 |
| Sp. Önundarfjarðar | 1.213 | 170 | 3,1 | 1,8 | 33 | 94 |
| Sp. Þingeyrar | 733 | 179 | 1,1 | 0,6 | 47 | 23 |
| Sp. Ólafsvíkur | 752 | 124 | 0,1 | 0,1 | 46 | 2 |
| Sp. Þórshafnar | 562 | 131 | 0,3 | 0,2 | 84 | 4 |
| Sp. Höfðhverfinga | 419 | 86 | 3,0 | 3,5 | 43 | 70 |
| Sp. Súðavíkur | 561 | 38 | 13,2 | 34,7 | 36 | 367 |
| Sp. Strandamanna | 377 | 134 | 1,2 | 0,9 | 75 | 16 |
| Sp. Hólahrepps | 21 | 7 | 0,1 | 1,4 | - | - |
| | 116.431 | 10.653 | 1.503,5 | 14,1 | 4.133 | 364 |

* Sveitarfélög eru einu stofnfjáreigendur Sparisjóðs Mýrasýslu